LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

**Sigurður Ingi Jóhannsson**
sjávarútvegs-, landbúnaðar-
og umhverfisráðherra

21. ágúst 2013

Efni: Færaveiðar smábáta á makríl 2013

Færaveiðar smábáta á makríl í fyrra gengu vel. Alls stunduðu 17 bátar veiðarnar og öfluðu alls 1.100 tonn. Segja má að 2012 hafi verið fyrsta árið sem smábátum tókst að fanga makrílinn. Hinn góði árangur leiddi til þess að fjölmargir smábátaeigendur ákváðu að taka þátt í veiðunum á yfirstandandi vertíð. Alls 84 bátar hafa landað makríl það sem af er vertíðinni eða fimm sinnum fleiri en á síðasta ári. Heildarafli þeirra er kominn í 2.260 tonn (sjá meðfylgjandi lista).

Veiðarnar í ár fóru seinna af stað en í fyrra og kenndu menn því um að sjór væri nú kaldari, en makríllinn er afar viðkvæmur fyrir hitastigsbreytingum. Eftir að vart var við makrílinn þurftu menn að bíða þolinmóðir eftir að hann gæfi sig að fullu að krókunum. Samfleytt í 3 vikur sigldu menn þvert og endilangt um öll hugsanleg makrílmið smábáta og leituðu af veiðanlegum makríl. Það var ekki fyrr en í lok júlí að hann fór að veiðast í viðunandi magni. Bátar frá Hólmavík fundu hann á heimamiðum í Steingrímsfirði. Flotinn streymdi þangað og myndaðist löndunarbið á Hólmavík. „Ég byrjaði að vinna við löndunina eftir kvöldmat og var alveg til fimm um morguninn" sagði 16 ára Hólmvíkingur við undirritaðan.

Jafnskjótt og veiðin hófst, datt hann undan. „Það er nóg af honum um allan fjörð, en hann neitar að bíta á hjá okkur" sagði einn makrílveiðimanna.

Smábátar eru þessa dagana að veiðum við Snæfellsnes, í Faxaflóa norðanverðum og við Voga, ásamt nokkrum bátum í Steingrímsfirði. Veiði er góð og gengur hratt á þau 3.200 tonn sem bátunum er gert að nýta úr sameiginlegum kvóta íslenskra skipa. Í raun þarf ekki nema eitt gott skot í veiðarnar til að þau verði fullnýtt á örfáum dögum.

## Ályktun stjórnar Landssamband smábátaeigenda

Stjórn LS fundaði á Raufarhöfn 17. júlí sl. og ræddi þar m.a. um makrílveiðar félagsmanna. Eftirfarandi var samþykkt:

*„Fundur í stjórn Landssambands smábátaeigenda sem haldinn var á Raufarhöfn 17. júlí 2013 fagnar áhuga trillukarla á færaveiðum á makríl.*

*Fundurinn skorar á stjórnvöld að tryggja nægar heimildir fyrir færaveiðar á makríl.*

*Greinargerð.*

*17 bátar stunduðu færaveiðar á markríl á vertíðinni 2012. Veiðarnar gengu vel sem varð til þess að mikill áhugi vaknaði hjá fjölmörgum smábátaeigendum. Á vertíðinni nú eru á annað hundrað bátar tilbúnir til veiða og bíða þess að makríllinn láti sjá sig.*

*Vinnsluaðilar sem sérhæfa sig í móttöku og sölu á færaveiddum makríl hafa einnig sýnt mikinn áhuga fyrir veiðunum. Forsvarsmenn þeirra segja góðan markað fyrir færaveiddan makríl og hann seljast á hærra verði en sá sem veiddur er í troll.*

*Ljóst er að skilyrði fyrir makrílgöngum við Ísland verða viðvarandi næstu árin. Því er mikilvægt að til verði öflugur floti smábáta til að nýta hann þegar hann gengur inn á veiðislóð þeirra, samhliða sem sérhæfðum vinnsluaðilum séu sköpuð skilyrði fyrir nægjanlegu magni af færaveiddum makríl."*

Samþykkt stjórnar LS er hér með komið á framfæri við yður.

Færaveiddur makríll er seldur sem gæðavara á háu verði. Meðal þeirra landa sem hann fer til eru: Japan, Svíþjóð og Danmörk.

Landssamband smábátaeigenda fer hér með þess á leit við yður að þér tryggið nægjanlegt magn til færaveiða smábáta á yfirstandandi vertíð. Óvíst er hvenær henni lýkur, en þó makríllinn hafi komið síðar á miðin nú er alveg eins víst að hann hverfi héðan fljótlega þ.s. sjór er nú kaldari hér en á sama tíma í fyrra.

**Virðingarfyllst**

Örn Pálsson framkvæmdastjóri